

stefnanda verða því samkvæmt framansögðu ekki teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristín Ingvarsdóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólínu Steindórsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. júní 1951.

Nr. 28/1951.

Dánar- og félagsbú Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Idu Pétursdóttur, Sólveigu Pétursdóttur Sandholt og Vilhjálmi Péturssyni Bjarnarson og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson, hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um erfðarétt óskilgetinna barna. Gagnkvæm erfðaskrá hjóna felld úr gildi að nokkru leyti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz þ. á. og gerir þær dómkröfur *aðallega*, að arfleiðsluskrá Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson frá 22. apríl 1918 verði metin gild, en *til vara*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. maí þ.

á., skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefjast þau þess, að viðurkenndur verði erfðaréttur þeirra eftir föður þeirra, Pétur M. Bjarnarson, að arfleiðsluskrá Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson frá 22. apríl 1918 verði hrundið og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 25. janúar 1951.

Þann 22. apríl 1918 gerðu þau Pétur M. Bjarnarson kaupmaður, þá til heimilis á Hverfisgötu 46 hér í bænum, og kona hans, Sophy Bjarnarson, gagnkvæma arfleiðsluskrá, þar sem svo var kveðið á, að hvort þeirra, er fyrr félli frá, arleiddi það, sem lengur lifði, að öllum eignum sínum, föstum og lausum, og hefði það þeirra, er lengur lifði, fullan rétt til að ráðstafa búinu eftir eigin vilja, og var arfleiðsluskrá þessi staðfest notari- aliter þann sama dag. Þann 14. marz 1950 andaðist Pétur M. Bjarnarson, og gerði ekkjan, Sophy Bjarnarson, síðan þann 21. maí 1950 arfleiðsluskrá um eignir sínar, án þess að gengið væri áður frá skiptum á búi Péturs, en tveimur dögum síðar, eða 23. maí 1950, andaðist hún. Í arfleiðsluskrá þessari er svo fram tekið, að búi hennar skuli skipt af skiptaforstjórum, en þar sem ólokið var skiptum á búi Péturs og þar sem skiptaforstjórar í búi konunnar óskuðu þess þá, var ákveðið, að uppskrift á eignum dánar- og félagsbús þeirra hjóna færi fram í skiptaréttinum, og fór uppskriftn fram dagana 20. og 28. júlí og síðan 5., 6., 7. og 8. september og loks 13., 20., 21. og 22. nóvember 1950. Innköllun til erfingja og skuldheimtumanna var gefin út 22. september og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 5. október 1950. Var innköllun þessi gefin út af skiptaráðanda samkvæmt ákvörðun skiptafundar í búinu þann 21. september 1950. Á skiptafundi í búi þessu 5. október 1950, sem boðaður hafði verið með auglýsingu í Lögbirtingablað- inu, kom fram sú krafa frá tveimur óskilgetnum dætrum Péturs Bjarnar- son, Sólveigu Pétursdóttur Sandholt, fæddri 9. júlí 1900, til heimilis í Drápuhlíð 35 hér í bænum, og Idu Pétursdóttur, fæddri 22. nóvember 1889, til heimilis að Þingeyri við Dýrafjörð, að arfleiðsluskrá hjónanna frá 22. apríl 1918 yrði felld úr gildi þannig, að þær tækju arf eftir föður sinn, og síðar gekk bróðir þeirra, Vilhjálmur Pétursson Bjarnarson, fæddur 30. október 1895, til heimilis Lykkerholms Allé 30, Kaupmannahöfn, inn í

málið, og hafa þessi 3 börn Péturs gert sameiginlega kröfu um það, að viðurkenndur verði erfðaréttur þeirra eftir föður sinn, Pétur M. Bjarnarson, þannig að búshelmingi Péturs í dánar- og félagsbúi hans og látinnar konu hans verði skipt óskertum milli þeirra.

Sveinbjörn Jónsson hrl., sem skipaður var varnaraðili í máli þessu með bréfi skiptaráðanda, dags. 31. október f. á., hefur aftur á móti gert þá kröfu í málinu, aðallega að arfleiðsluskráin frá 22. apríl 1918 verði metin gild, til vara, að erfðakröfur sóknaraðilja verði aðeins teknar til greina, að því er snertir $\frac{1}{16}$ hluta búshelmings Péturs M. Bjarnarson, og til *brautavara*, að erfðakröfur þeirra verði teknar til greina að $\frac{1}{16}$ hlutum þeirrar eignar.

Þá hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Að loknum munnlegum flutningi málsins 20. þ. m., var ágreiningur þessi tekinn til úrskurðar.

Sóknaraðiljar byggja kröfu sína um ógildingu arfleiðsluskrárinnar á því, að með gildistöku laga nr. 42 frá 23. maí 1949 hafi þeir orðið skylduerfingjar föður síns, sem þá var á lífi. Með lögum þessum hafi verið numin úr gildi eldri ákvæði laga, sem aðeins veittu erfðarétt eftir föður óskilgetnum börnum, sem fædd voru eftir 1. nóvember 1922. Þetta byggja þeir á 2. gr. sbr. 34. gr., 2. mgr., e. contr. nógildandi erfðalaga, og telja þeir arfleiðsluskrána því að þessu leyti ógilda. Þá telja sóknaraðiljar, að arfleiðsluskrá þessi sé einnig ógild samkvæmt 22. gr. erfðalaganna, að því er snertir $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings Péturs, með því að arfleiðsluskrá þessi sé gerð á röngum forsendum, þar sem engir arfgengir niðjar hafi verið fyrir hendi, er arfleiðsluskrá þessi var gerð. En þótt svo yrði litið á, að virða bæri ráðstöfunarrétt arfleiðanda að einum fjórða hluta eigna hans samkvæmt 20. gr. erfðalaganna og taka arfleiðsluskrá hans til greina að því leyti, þá kæmi það í sama stað niður, því þar sem bú Péturs hafi eigi verið skipt fyrir lát konu hans, þá rynni þessi hluti inn í hið óskipta félagsbú og fjárhæðin, að frú Sophy látinni, skiptist jafnt milli erfingja hvors um sig, og hið sama telja þeir gilda um lögerfðaréttinn.

Af hálfu varnaraðilja er því neitað, að skilja beri 2. gr. sbr. 34. gr. erfðalaga nr. 42 frá 23. maí 1949 þannig, að ákvæðin nái til óskilgetinna barna, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922 almennt. En þótt svo yrði litið á, þá kæmi það ekki til greina í þessu tilfelli, að sóknaraðiljar eigi erfðarétt eftir föður sinn. Hann og kona hans hafi á árinu 1918 gert sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, sem þá hafi verið í alla staði lögleg eftir þágildandi lögum, og þann rétt sé ekki hægt að skerða með síðari lögum, og geti lög nr. 42 frá 1949 eigi verkað aftur fyrir sig á þann hátt að fella arfleiðsluskrána úr gildi, og byggir varnaraðili aðalkröfu sína á þessu sjónarmiði. Varakröfu sína byggir varnaraðili hins vegar á því, að þótt aðalkrafa hans yrði ekki tekin til greina og sóknaraðiljar yrðu taldir skylduerfingjar föður síns, þá væri arfleiðsluskráin þó ætíð gild, að því er snertir $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings hans, því þeim hluta hefði honum verið frjálst að ráðstafa með arfleiðsluskrá. Þá telur hann og, að ekkjan hafi sem lögerfingi manns síns fengið $\frac{1}{4}$ hluta af eignum hans, þegar frá

hefði verið tekinn $\frac{1}{4}$ hluti samkvæmt arfleiðsluskránni, og hefði því hluti hennar úr búshelmingi Péturs orðið $\frac{7}{16}$ hlutar. Sama rétt og ekkja hafði, telur hann, að dánarbúi hennar eigi. Þá telur varnaraðili, að þótt svo yrði litið á, að lögerfðaréttur frú Sophy Bjarnarson eða bús hennar væri fallinn niður, þá væri tvímælalaust, að ráðstöfunarrétturinn á $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings Péturs væri gildur, og byggir hann prautavarakröfuna á því.

Arfleiðsluskrá sú, sem hér um ræðir og gerð er 22. apríl 1918, virðist vera í löglegu formi og fullgild að þágildandi lögum. Pétur M. Bjarnarson átti þá að vísu 3 börn, en þau voru óskilgetin og því ekki skylduerfingjar hans. Með lögum nr. 46 frá 27. júní 1921 fær óskilgetið barn erfðarétt eftir föður sinn, en þó ekki það barn, sem fætt er fyrir 1. nóvember 1922, sbr. 44. gr. laganna. Sams konar ákvæði er í 20. gr. laga nr. 87 frá 5. júní 1947. En í lögum nr. 42 frá 23. maí 1949 eru engin samsvarandi ákvæði. Í 2. gr. þeirra laga segir, að um erfðarétt óskilgetins barns og arf eftir það fari á sama hátt og væri það skilgetið, og í athugasemdum um þá grein segir, að hér sé að mestu farið eftir erfðaákvæðum laga nr. 87/1947. Erfðaákvæði laga nr. 87/1947 eru ekki berum orðum afnumin í núgildandi erfðalögum og þá heldur ekki 20. gr. þeirra laga, en það verður þó að ætla, að afnám þeirra felist í niðurlagi 35. gr. núgildandi erfðalaga. Með þessari ályktun verður því að telja, að sóknaraðiljar hafi við gildistöku hinna nýju erfðalaga orðið skylduerfingjar föður síns, Péturs M. Bjarnarson, og getur hin fyrirbyggjandi arfleiðsluskrá, þótt upphaflega sé löglega gerð, ekki útilokað þenna rétt þeirra, sbr. 34. gr. erfðalaganna e. contrario.

Hin gagnkvæma arfleiðsluskrá er gerð til hagsbóta því hjóna, er lengur lifir, og heimilar því einnig fullan ráðstöfunarrétt yfir eignum þeim, sem hitt hjóna lætur eftir sig. Vilji hjónanna virðist því vera svo ákveðinn í þá átt, að það þeirra, sem lengur lifir, hafi ekki aðeins sjálft not þessara eigna, meðan það lifir, heldur eigi það og fullan rétt til að ráðstafa þeim eftir sinn dag. Verður því að telja, að arfleiðsluskrá þessi sé gild, að því er snertir $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings Péturs M. Bjarnarson. Samkvæmt gildandi erfðalögum varð frú Sophy Bjarnarson skylduerfingi eiginmanns síns, Péturs M. Bjarnarson, við fráfall hans að $\frac{1}{4}$ hluta búshelmings hans, þegar frá er tekið það, sem hann gat löglega ráðstafað með arfleiðsluskrá. Hún hafði ekki fengið leyfi til setuóskiptu búi eftir mann sinn, enda virðist ekki hafa verið skilyrði til þess að veita það, eins og málið horfði við þá. Við dauða hennar féll því erfðarétturinn ekki niður, hvorki skylduarfurinn eða erðaskrárarfurinn, þar sem telja verður, að erfðaréttur falli því aðeins niður samkvæmt 69. grein laga nr. 20 frá 20. júní 1923, að það hjóna, sem síðar fellur frá, hafi setið í óskiptu búi eftir það, er fyrr andaðist. Koma arfahlutar þessir því til frádráttar búshelmingi Péturs við skiptin á dánarbúi hans. Eins og áður hefur komið fram, gerði frú Sophy Bjarnarson þann 21. maí 1950 arfleiðsluskrá um eignir sínar, þar sem einnig var kveðið svo á, að búi hennar yrði skipt af skiptaforstjórum, og mun Dómsmálaráðuneytið þegar hafa löggilt skiptaforstjórana. Kemur því eigi hér til álita, hvort sóknaraðiljar eigi rétt til arfs úr búi hennar.

Samkvæmt því, sem að framan segir, þykir því verða að ógilda arfleiðsluskrá Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson frá 22. apríl 1918 að því leyti, að sóknaraðiljar öðlist í arf eftir hann $\frac{1}{16}$ hluta af búshelmingi hans, enda ekki vitað, að hann hafi átt aðra skylduerfingja en þá, sem greindir eru hér að framan.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Arfleiðsluskrá Péturs M. Bjarnarson og Sophy Bjarnarson frá 22. apríl 1918 skal ógild teljast að því leyti, að sóknaraðiljar, Sólveig Pétursdóttir Sandholt, Ida Pétursdóttir og Vilhjálmur Pétursson Bjarnarson, skulu hljóta arf úr búi föður síns, Péturs M. Bjarnarson, að því er varðar $\frac{1}{16}$ hluta af búshelmingi hans.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1951.

Nr. 67/1949. **Jón og Lýður Guðmundssynir**
 gegn
Hreppsnefnd Skeiðahrepps.

Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfégeti
 og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um öflun rækilegri skýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Hreppsnefndaroddvitar þeir, er sátu fundinn í Tryggvaskála þann 1. apríl 1938, gefi nánari skýrslu fyrir dómi um atriði þau, sem samþykkt voru á fundi þessum, sérstaklega um það, hvort samkomulag hafi orðið um að girða milli Flóa- og Skeiðahreppa og hvort þá hafi orðið samkomulag um, að Skeiðamenn skyldu annast leitir Flóamanna á afrétti hreppanna.